

Fundargerð bogfiminefndarfundar 01.08.17

Bogfiminefnd ÍSÍ

11. Fundur haldinn í Bogfimisetrinu, Dugguvogi 01.08.2017 kl. 21:15

Fundinn sátu: Guðmundur Örn Guðjónsson, Haraldur Gústafsson, Indriði R. Grétarsson og Ólafur Gíslason

Fundargerð ritaði: Ólafur Gíslason

Haraldur og Indriði tengdust í gegnum fjarfundarbúnað (Skype) á fundinum.

1. Kosning formanns og val á nýjum nefndarmeðlim

Ólafur bauð sig fram til stöðu formanns Bogfiminefndarinnar.

Engin mótframboð bárust og var Ólafur samþykktur einróma af nefndinni.

Haft verður samband við varamenn nefndarinnar fyrir næsta fund og nefndin tilnefndi tvo einstaklinga (Alfreð Alfreðsson og Astrid Daxböck) til viðbótar ef varamenn hafa ekki tæk á að taka sæti í nefndinni.

Guðmundur mun vera í samskiptum við varamenn fyrir næsta fund.

Málið verður tekið fyrir aftur á næsta nefndarfund.

2. Niðurstaða Íslandsmóts Utanhúss 2017

Engin alvarleg frávik komu fram á mótinu en þörf er á að smíða nýjar skotklukkur og koma betri reglu á skipulag á tækjum og efni fyrir mótahald.

Ólafur tekur að sér að skoða smíði á nýjum skotklukkum auk þess að kanna með hirslur fyrir eigin nefndarinnar í tengslum við mót.

3. Heimsþingið í Mexíkó

Guðmundur fer á þingið fyrir hönd nefndarinnar og hafði nefndin engin ákveðin atriði sem þörf þótti að bera fram á þinginu.

4. Undirbúningsvinna fyrir tilnefningu íþróttafólks ársins 2017

Rætt um að hefja undirbúning á tilnefningum fyrir íþróttafólk ársins. Ólafur tekur að sér að vinna úr gögnum ársins til að finna lista iðkenda fyrir opna kosningu sem byrjar 30. október. Skilafrestur til ÍSÍ um íþróttafólk ársins í bogfimi er 19. desember.

5. Önnur mál

1. Tillaga um að setja reglu um að skráning á erlend kvótamót fari öll í gegnum vefsíðu bogfiminefndarinnar bogfimi.is frá og með deginum í dag 01.08.2017.
Tillagan var samþykkt.
2. Tillaga um að Íslandsmetaskrá í núverandi formi á Archery.is verði samþykkt sem opinber íslandsmetaskrá bogfiminefndarinnar. Skráin verður síðan færð yfir á bogfimi.is þegar tími gefst til.
Tillagan var samþykkt.
3. Viðurkenningar á íslandsmetum eru tilbúnar. Haraldur var í sambandi við prentsmiðju til að útfæra lokahönnunina í A5 formi.
4. Nefndin á enn eftir að greiða fyrir leigu á skotmörkum fyrir Íslandsmót 2016. Indriði mun senda nefndinni reikning varðandi leiguna.

Fundi slitið kl. 22:40

12. Fundur Bogfiminefndar ÍSÍ verður haldinn þann 05.09.17 kl. : 21:15